

Framkvæmdaneftnd um einkavæðingu,
bt. Ólafs Davíðssonar, formanns,
Forsætisráðuneytinu,
Við Lækjartorg,
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. september 2002

Í bréfi sem afhent var af framkvæmdaneftnd um einkavæðingu til eigenda Samson eignarhaldsfélags ehf., fyrr í dag tilkynnti nefndin að hún óski eftir viðræðum við félagið um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. Um leið kom nefndin á framfæri nokkrum athugasemdum vegna þeirra viðræðna sem framundan eru.

Í fyrsta bréfi sem eigendur Samson sendu framkvæmdaneftnd um einkavæðingu, þann 27. júní sl., voru þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar kaupa á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands kunngerðar nefndinni. Þessar forsendur hafa verið ítrekaðar í bréfum þann 25. júlí, 2. september og 6. september og hafa engar eðlislegar breytingar orðið á grunnforsendum. Þannig hefur framkvæmdaneftnd um einkavæðingu ávallt verið ljóst á hvaða forsendum Samson mun nálgast mögulega fjárfestingu sína.

Þessar forsendur eru allar enn í fullu gildi og með því að velja félagið til frekari viðræðna telja forráðamenn þess að framkvæmdaneftnd um einkavæðingu verði að gera það á þeim forsendum sem þegar eru ljósar. Einkum er hér átt við það verðbil sem sett hefur verið fram, greiðslu í erlendum myntum og kaupréttarkvæði.

Stefnt er að fyrsta fundi, þriðjudaginn 17. september nk., og er óskað eftir því að fyrir þann fund verði frekari útlistun gefin á þeim athugasemdum sem framkvæmdaneftnd um einkavæðingu kom fram með í bréfinu í morgun.

Grunnforsendor Samson, sem hafa verið ljósar frá upphafi, eru:

- Verðibilið er 3,00-3,90
- Um er að ræða 33,3% eignarhlut með kauprétti á 12,5% til viðbótar
- Greiðsla verður í erlendum myntum miðað við þær gengisforsendor sem tilgreindar voru í bréfi þann 27. júní sl.

Þessar forsendur liggja til grundvallar á vali framkvæmdaneftndar um einkavæðingu á kjölfestufjárfesti og því byggði nefndin val sitt á fyrrgreindum forsendum. Ef virða á þessar forsendur Samson að vettugi er ekki grundvöllur að frekari viðræðum.

Auk þess eru meðfylgjandi spurningar sem framkvæmdaneftnd um einkavæðingu og forráðamenn Landsbanka Íslands hefur ekki verið unnt að svara til þessa tíma. Til að fyrsti fundur verði árangursríkur er nauðsynlegt að þessum spurningum verði svarað.

Meðfylgjandi: Spurningar til framkvæmdaneftndar um einkavæðingu og forráðamanna Landsbanka Íslands hf.

Virðingarfyllst,

Samson eignarhaldsfélag ehf.